

## Afvopnun

Framhald af 5. síðu.

### Þversagnir

Svo virðist vera sem Bandaríkjaforseti — undir þrýsting frá Mansfíeld og öðrum þingmönnum — vilji gjarnan ræða um hina kostnaðarsömu útgerð sína í herstöðvum Evrópu, og er ekkert líklegt en Moskva gripi þann þráð fegin hendi. En svo undarlegt sem það kann að virðast rísa sum Atlanzhafsbandalagsríkin öndverð gegn slíkum hugmyndum. Það sem þeim gengur til er umhyggja um eigin fjárlög. Þau vilja gjarnan losna við einhverjar byrðar af sligandi heimaherjum, og gildir þetta um Vestur-Þjóðverja og fleiri. Þessi ríki vita sem er að þeim mundi ekki leyfast að draga úr vigbúnaði upp á eigin spýtur, en á MBFR vilja þau græða — á kostnað Bandaríkjaanna.

### Jafnvægislist

En þó þessar spurningar séu mikils verðar, þá eru þær einfaldari til úrlausnar — á annan hvorn veginn — heldur en ýmsar þær sem eftir standa. Til dæmis þessi: Hvað er jafnvægi í fækkun herja? Þessu eiga herfræðingar mjög erfitt með að svara. Svo gæti virzt sem jafnvægi væri ekki mikið milli NATO og Varsjárbandalagsins eftir þeirri töflu að dæma sem birtist hér með. Varsjá hafi betur. En þetta kann að stafa af sjónskekkju og verður hér ekkert dæmt um það. Hér þarf að koma til mat á tækjum og öðrum búnaði, á skipulagningu, á menntun og fórnfýsi hvers einstaks hermáns, svo og á landfræðilegum skilyrðum til sóknar, varnar og herflutninga.

Þá eru vopnin sjálf. Hvernig á að veða þau hvort á móti öðru? Á að semja um brynvagn á móti brynvagni, eða t.d. um brynvagn á móti flugvél? Á það hefur verið benti, að ef til vill væri rétt að ræða um gagnkvæma fækkun skriðdreka af hálfu austanvéra og vopnum gegn skriðdrekum á vesturhlidina. Og svo væru rússnesku skriðdrekarnir álíka tíma heim til sín og amerísku flugvélnar, hvort tveggja í Þýskalandi nú.

### Undir 4 augu

Á að ræða um kjarnorkuvopn? Gætt hefur mjög sterkrar hneigðar hjá bæði Bandaríkjunum og Sovétríkjunum til að talast við „undir fjögur augu“ um þau mál-efni. En bandamenn þeirra hafa mikinn hug á því að komast þar milli hurðar og starfs, því þeim finnst — með réttu eða röngu — að bandarísku kjarnahleðslurnar í Vestur-Þýskalandi eða eldflaugaskotpallar á kafbátum þeirra í Miðjarðarhafinu, komi sér æði mikið við. En það verður eitt af hinum erfiðu úrlausnarefnum að skera úr því hvort slík umræðu-efni eiga heima í þeim margrari-ka-viðræðum sem fjalla um gagnkvæman samdrátt í herjum Evrópu, MBFR.

### Heimskerfi

Loks má svo minna á það, að herir og herstöðvar í Evrópu eru auðvitað ekkert annað en hluti af kerfi sem nær yfir allan heim. Eflaust munu því risaveldin minna hvort annað á hagsmuni í Asíu og annars staðar, þegar umræðan á að snúast um Evrópu. Og ekki verður hægt að ganga fram hjá þeirri meginstaðreynd að það eru Bandaríkin sem umlykja Sovétríkin með neti herstöðva og hernáðarbandalaga, en ekki Sovétríkin Bandaríkin. Þessi staðreynd kann að gera meira en vega upp á móti þeim yfirburðum í tölu herfyllkja sem Sovétríkin og fylgiriki virðast hafa gegn vestrinu í Evrópu.

(Samantekt h—).

## Indjánar

Framhald af bls. 9.

hraðsmíðaðri gerfivelferð. Víst mun það rétt, að smáþjóðir heims munu yfirleitt ekki eiga þess kost lengur að lifa við óbreytta lifnáðarhætti. Þær neyðast til að breyta svo og svo mikið til — m.a. vegna þess aðhinnviðkvæma jafnvægi milli þjóða þessarra og náttúrunnar hefur nú þegar verið

raskað, svo illa verður úr bætt. Vandinn verður þá sá, að hvítum mönnum lærist seint að hætta að líta á sig sem vitra Messíasa sem fyrirfram eru til þess fallnir að leysa hvern vanda. Þegar spurt er um möguleika hinna smáu þjóða til að lifa af „síðmenninguna“, þá er fyrst og fremst spurt að því, hvort þær fái tækifæri til að ráða sjálfar hvernig og með hvaða hraða breytingar halda áfram að verða á lífi þeirra.

Tiltölulega velviljaður bandarískur háskólamaður Thomas P. Christensen, skrifaði árið 1933 bók sem heitir „Sögulegur ferill amerískra Indíána“. Hann segir þar á þá leið, að ef tvenns konar menning lifir hlið við hlið, megi vel koma á málamiðlun og sambyli milli þeirra. En, segir hann, og á þá við Indíána og hvíta menn, „ef að munurinn er svo mikill eins og á villmennsku og síðmenningu, þá mun niðurstaðan verða sú og á að vera sú, að fyrrnefnt samfélag samlagast hinu síðarnefnda og hverfur inn í það. Ef aðilar skilja þetta ekki, þá er það þeim mun verra fyrir grannskap þeirra og velferð“.

Þetta er einmitt skilningur sem er á miklu undanaldi. Það viðhorf verður æ útbreiddara, að í hvert sinn sem einhver ættbálkur Indíána eða Eskimóa deyr út eða „samlagast“, þá verður heimurinn ekki vitund betri. Heldur að miklum mun fátækari.

## Slagurinn

Framhald af bls. 10.

legan möguleika á sigri í mótinu, vinni það leikinn í kvöld.

Haukarnir standa enn í fallbaráttunni með aðeins 4 stig, en sigur í kvöld myndi endanlega bjarga þeim, frá falli; jafnvel jafntefli myndi gera það. Eð hef þá trú, að þessi leikur verði mikill baráttuleikur, jafn og skemmtilegur.

## Spáin

Framhald af bls. 11.

erfiðasti leikurinn á eftir leik Derby og Leeds. Þar að auki eru liðin hlið við hlið á stigatöflunni, þannig að þetta getur vart verið erfiðara. Við skulum samt treysta því, að Úlfarnir sýni tennurnar og látum heimasigur standa.

### Blackpool-Luton x

Hér erum við komin í 2-deildar leikina, og þótt Luton sé með efstu liðunum í deildinni, spáum við jafntefli í þessum leik, þar eð Blackpool er mjög gott lið og þar að auki á heimavelli.

### Carlisle-QPR 2

QPR, ásamt Burnley er nú nokkurnvegin öruggt um að komast upp í 1. deild, enda er það með 41 stig, 5 stigum fyrir ofan næsta lið sem er Aston Villa í 2. deild. Burnley er hins vegar 2 stigum fyrir ofan QPR. Og þótt á útivelli sé spáum við QPR sigri.

### Huddersfield-Nott'm. F. 1

Erfiður leikur sem getur farið hvernig sem er, en við látum heimasigur gilda.

—Sdór.

## Magnús

Framhald af bls. 6.

mun ótryggari afgjafi en vatn, ef ekki væri tekið tillit til Ismyndunar. Þess væri og að gæta, að þessar stöðvar yrðu hér staðsettar á háhitasvæði, og væri reynsla á rekstri slíkra stöðva mjög takmörkuð. Lítið væri til dæmis vitað um viðhald borhola á virkum eldfjallasvæðum, en umrætt háhitasvæði er á gosbeltinu. Ekki væri eðlilegt að ætla einu og sama háhitasvæðinu stærra hlut en 10 til 15% af heildarorkuframleiðslu hvers landshluta. Ef reist yrðu 16 megawatta stöð nú, næmi orkuframleiðsla hennar um 40% af heildarframleiðslu Norðurlands. En 55 megawatta gufuafstöð, sem reist yrði eftir byggingu Sigölduvirkjunar og lagningu samveitu, framleiddi um 10% af heildarorkuframleiðslunni. Vegna ummæla Lárusar Jóns-

sonar (S) þess efnis, að Norðlend-ingar ýmsir óttuðust ótrygga orkuflutninga yfir langa fjallveggi, benti Magnús á, að innan tíðar hæfi störf nefnd sérfræðinga, er gera skal könnun á þeim veilum, sem komu fram í Búrfellslinunni nú í vetur. Niðurstöður þessarar nefndar gætu orðið til mikils gagns við lagningu háspennulína í framtíðinni. Öðrum þjóðum, svo sem Kanadamönnum og Norðmönnum, hefði tekizt að sigrast á þeim vandamálum er bundin væru lagningu langra háspennulína, og því væri einsýnt, að okkur mundi einnig takast það.

Ad lokum tók ráðherra það fram, að samtenging rafveituvæðanna væri hagsmunamál Norðlinga, því að hún tryggði öruggan markað fyrir rafmagn frá hugsanlegum stórvirkjunum á Norðurlandi.

## Sáttatillaga

Framhald af bls. 16.

greiddan þann umframkostnað, sem stafar af núverandi virkjunarframkvæmdum og sem tilheyrir virkjun umfram 6,5 megavött eftir mati dómbærra og óvilhallra manna eða eftir samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Laxárvirkjunar, enda eru núverandi virkjunarframkvæmdir samkvæmt leyfi íslenzkra stjórnarvalda.

Mat á umframvirkjunarkostnaði eða samkomulag skal gert fyrir árslok 1973 ásamt samningi um greiðslufyrirkomulag.

Við lið 2. Engin athugasemd.

Við lið 3. Stjórn Laxárvirkjunar fellst á að gerðadómur skeri úr öllum skaðabótakröfum landeigenda og að gerðadómur verði skipaður sem hér segir, enda verði oddamaður dómsins óvilhallur lögfræðingur.

Hins vegar mun Laxárvirkjunarstjórn hafa uppi fyrir gerðadómnum allar sömu mót-bárur og kröfur og hún ber fram fyrir hinum almennu dómstólum. Laxárvirkjun taki ekki þátt í kostnaði við gerð fiskvegjar og beri ekki ábyrgð á honum.

Við lið 4. Stjórnin er samþykkt þessum lið með svofellari viðbót: „...hvort sem til þeirra er stofnað af Landeigendafélagi Laxár og Mývatns eða öðrum félögum eða einstaklingum“.

Við lið 5. Engin athugasemd.

Við lið 6. Gerð fiskvegjar upp Laxárgljúfur og fiskræktarntytjar á grundvelli hans sé óviðkomandi Laxárvirkjun, samanber lið 3.

Við lið 7. Engin athugasemd. Framanrituð afstaða Laxárvirkjunar er tekin með fyrirvara um óbreytta afst. og kröfugerð í dómstólum þeim, sem Landeigendafélagið eða önnur félög eða einstaklingar hafa höfðað gegn Laxárvirkjun — nema tillögurnar leiði til endanlegs samkomulags“.

## Dregið í lista-

## verkahappdrætti

Dregið hefur verið í listaverkahappdrætti Félags íslenzkra myndlistamanna og Listasafns Íslands, sem hleypt var af stökunum samfara sýningu í Listasafninu sem haldin var til styrktar Vestmannaeyingum. Aðeins var dregið úr keyptum miðum.

Vinningar komu á eftirtalin númer:

Nr. 1378. Oliumálverk eftir Jóhannes Kjarval.

Nr. 1. Teikning eftir Jóhannes Kjarval.

Nr. 584 Oliumynd eftir Ninu Tryggvadóttur.

Nr. 939. Vatnslitamynd eftir Jón Engilberts.

Nr. 593. Kritarmynd eftir Finn Jónsson.



SKIPAUTGERÐ RÍKISINS

## M/S Baldur

fer til Snæfellsness og Breiðafjarðarhafna föstudaginn 2. marz. Vörumóttaka á morgun.

# Auglýsing

## um álagningu og innheimtu viðlagagjalds á söluskattsstofn

Ráðuneytið vekur athygli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli á, að skv. 1. tl. 8. gr. laga nr 4/1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, skal, á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974, leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra skv. þeim, að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Jafnframt skal bent á, að við tollafgreiðslu var til eigin neyztu, eða nota innflytjanda, sbr. j.-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal undantekningarlaust innheimta 2% viðlagagjald á söluskattsstofn samkvæmt framansögðu, frá og með 1. marz n.k.

Söluskattur og viðlagagjald, sem innheimt eru af innflutningi, skulu því samtals frá og með 1. marz n.k. nema 14,3% í stað 12,1% áður.

Sama gildir um fullnaðartollafgreiðslu í samræmi við 21. gr. laga um tollskrá o.fl. nr. 1/1970.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1973.

Reykjavík og nágrenni!

## Aðalfundur

Klúbbsins Öruggur akstur fyrir Reykjavík og nágrenni verður haldinn að HÓTEL BORG n.k. fimmtudag, 1. marz, kl. 20.30.

### DAGSKRÁ

1. Ávarp formanns, Harðar Valdimarssonar.

2. Afhending viðurkenningar- og verðlaunamerka SAMVINNUTRYGGINGA 1972 fyrir öruggan akstur.

3. Érindi með litskuggamyndum: UMFERÐARSLYS

Á ÍSLANDI. Árni Þór Eymundsson fulltrúi.

4. KLÚBBARNIR OG UMFERÐARÖRYGGIÐ: Stefán Jasonarson í Vorsabæ, formaður landssamtaka klubbanna.

5. Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum.

6. Kaffiveitingar í boði klúbbsins.

7. Önnur mál — frjálsar umræður.

8. Umferðarlitkvikmynd með íslenzku tali: VETRARAKSTUR.

Fjölmennum stundvislega!

Allt áhugafólk velkomið!

Stjórn

KLÚBBINS ÖRUGGUR AKSTUR  
Reykjavík



## Vélgæzlumaður — þvottamaður

óskast við þvottahús ríkisspítalanna að Tunguhálsi 2. Laun samkvæmt 12. flokki launakerfis opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar gefur forstöðukonan í síma 81714.

Umsóknum, er greini frá aldri, námi og fyrri störfum, sé skilað á skrifstofu ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5, fyrir 8. marz n.k. Umsóknareyðublöð fyrirleggjandi á sama stað

Reykjavík, 26. febrúar 1973  
Skrifstofa ríkisspítalanna.